

iðnaðarráðuneyti			
Málsnr.	IDNO 9080031	Ábrn.	KS
B lyk.	2.2.1	Aðrir	LA6/Hödu
Mótt.	10.06.2010	Fskj.	BP
Aíhs.		Trúnm.	SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Iðnaðarráðuneytið  
 Arnarhvali  
 150 Reykjavík

Reykjavík 8. júní 2010.

**Efni: Umsögn um orkustefnu fyrir Ísland, frumdrög stýrihóps um mótun heildstæðrar orkustefnu, dags. 25. maí 2010**

Samtök atvinnulífsins þakka fyrir að fá til umsagnar þessi frumdrög að orkustefnu. Bent er á að mjög gott væri að senda þessi drög ásamt þeim sem síðar kunna að koma til umsagnar Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Mikil stefnumótunarvinna fer nú fram á vegum stjórnvalda á ýmsum sviðum. Má þar nefna 20/20 sóknaráætlun fyrir Ísland, 2. áfanga að rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða og byggðaáætlun. Engin leið er að skoða orkustefnuna án þess að litið sé til samhengis við ofangreindar áætlanir. Þannig hlýtur orkustefnan að þurfa að taka mið af þeim markmiðum sem sett verða um efnahagsþróun hér á landi og einnig þurfa að taka mið af niðurstöðum rammaáætlunar.

Eins hlýtur að þurfa að líta til þeirra efnahagsumgjörðar sem búið er við um þessar mundir. Landið er hneppt í fjötra gjaldeyrishafta, hárra vaxta, atvinnuleysis og lífskjara sem hrakað hefur mjög á undanförunum árum. Samtök atvinnulífsins hafa hvatt mjög til þess að sem fyrst verði sköpuð skilyrði til aukinna fjárfestinga í orkugeiranum ásamt fyrirtækjum sem orkuna nýta. Það sé nauðsynlegt til að auka útflutning, efla hagvöxt, draga úr atvinnuleysi og um leið að hefja sókn til bættra lífskjara.

Frá stjórnvöldum berast hins vegar misvísandi skilaboð þar sem hver höndin er upp á móti annarri. Meðan lög heimila að einkaaðilar geti fjárfest í orkuframleiðslu, koma skilaboð um að á vegum ríkisstjórnarinnar sé unnið að lagaboði til að koma í veg fyrir fjárfestingu erlends aðila sem þegar hefur keypt stóran hlut í orkufyrirtæki. Meðan fulltrúar ríkisstjórnarinnar skrifa undir sáttmála um að greiða fyrir fjárfestingum leggja einstakir ráðherra allt í sölurnar til að svo verði ekki. Meðan fjárfestar treysta því að samningar við stjórnvöld haldi, koma stöðug skilaboð úr herbúðum ríkisstjórnarinnar um að nú skuli leggja á nýja skatta andstætt gerðum samningum.

Þegar svo er komið er nánast borin von að fjárfestar, og þá er átt bæði við erlenda og innlenda aðila, sjái sér nokkurn hag í að leggja fé til framkvæmda hér á landi. Sömuleiðis mun öflun lánsfjár verða mjög erfið. Óvissan og áhættan er einfaldlega allt of mikil.



Það er því brýnasta verkefni stjórnvalda og hlýtur að vera markmið allra þessara áætlana að skapa samstöðu og skilyrði til þess að fjárfestar öðlist trú á því að hér verði rekið hagkerfi að vestrænni fyrirmynd, þar sem öll efnahagsskilyrði eru hagfelld, samkeppnisstaða fyrirtækja sé sambærileg því sem gerist í nálægum löndum og að samningar standi.

Skýrsludrögin sem hér eru til umsagnar eru um margt óljós og ekki mjög mikið um mótaðar tillögur umfram almenna umfjöllun. Þó er vert að nefna nokkur atriði sem æskilegt er að stýrihópurinn skoði nánar.

Í leiðarljósum er rætt um að orkubúskap Íslendinga verði hagað með sjálfbærum hætti án þess að það sé alveg ljóst hvað við er átt. Íslendingar munu um langa hríð byggja orkubúskap sinn að hluta á innfluttu eldsneyti. Það getur ekki verið markmið í sjálfu sér að útrýma því án tillits til þess hvað það kostar og hver hagkvæmni hugsanlegra orkuskipta er fyrir þjóðarhag, ríkissjóð og ekki síst fyrir almenning og fyrirtæki í landinu. Það hlýtur einnig að ráðast af tæknilegri þróun í nálægum löndum þar sem ekki er líklegt að Íslendingar verði í fremstu röð þegar kemur að þróun og framleiðslu farartækja eða vélbúnaðar fyrir fiskiskip.

Það er talið eitt meginmarkmið að Ísland taki að sér a.m.k. samskonar skuldbindingar og ríki ESB gagnvart loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna. Ekki er ljóst hvað í þessu felst. Ísland er eins og kunnugt er aðili að loftslagssamningi S.þ. og einnig að Kyoto-bókunninni við hann. Ekkert bendir til annars en að Ísland muni að fullu standa við þær skuldbindingar. Ríkisstjórnin hefur að auki gefið frá sér yfirlýsingu um þau markmið sem stefnt er að um útstreymi gróðurhúsalofttegunda til annars vegar ársins 2020 og hins vegar ársins 2050. Á vegum S.þ. er unnið að nýju samkomulagi sem ætlað er að taka við af Kyoto-bókuninni. Það er algerlega óljóst hvenær því samningaferli lýkur eða hver niðurstaðan verður. Auk þess er rétt að minna á að því meir sem virkjað er af jarðhita og vatnsafla í heiminum og þar með á Íslandi því minna eykst þörf á brennslu jarðefnaeldsneytis. Allar virkjanir á Íslandi munu því verða til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda og þar með valda jákvæðum áhrifum á heimsvísu.

Nauðsynlegt er að stýrihópurinn kynni sér niðurstöður sérfræðinganefndar um möguleika til að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi en skýrslan var gefin út af umhverfisráðuneytinu í júní 2009. Þar er meðal annars að finna kostnaðar- og ábatagreiningu á flestum leiðum til að draga úr útstreymi og spáð fyrir um þróun útstreymis á næstu árum. Með því gæti umfjöllun stýrihópsins öðlast raunhæft innihald.

Það er rétt að benda á að eftir því sem hærra gjald verður innheimt fyrir afnot af orkulindum því erfiðari verður samkeppnisstaða orkufyrirtækjanna, enda verða engin ný verðmæti til með því. Orkuverð til stórra notenda hér á landi mun ráðast af samkeppni við orkuverð í öðrum ríkjum og þeim samningsskilyrðum sem sett eru. Orkuverð hefur hækkað á undanförunum árum og hefur þess einnig gætt hér á landi. Nauðsynlegt er að almennum fjárfestum verði gert kleift að fjárfesta í virkjunum hér á landi og að það gildi bæði um innlenda og erlenda fjárfesta. Með því að einungis innlendum fjárfestum verði heimilt að eiga og reka orkuver þá mun endurgjaldið verða lægra en það ella gæti orðið.

Eindregið er tekið undir hugmyndir stýrihópsins um nauðsyn þess að einfalda, samræma og gera gagnsærra ferlið vegna vegna rannsókna, skipulagsmála og umhverfismats. Það er nánast ólíðandi að sömu stofnanirnar séu að fá sömu mál til umsagnar allt að tuttugu sinnum, að þær fari fram úr lögbundnum frestum þannig að það sé nánast undantekning að þeir séu virtir og að ráðuneyti taki ekki mark á tímafrestum.



Minnt er á að orkuframleiðsla er samkeppnisrekstur og að það getur verið erfitt fyrir einstök orkufyrirtæki að bíða með tilbúna orkukosti um langa hríð eftir að samningar takist um sölu orkunnar. Þrátt fyrir allt sem menn hafa hér lagt á sig við stóra eða meðalstóra orkusamninga hefur gjarnan liðið langt á milli þess að samningar hafa tekist um einstök verkefni. Enginn skortur hefur verið á hugmyndum um orkunýtingu bæði innlendra og erlendra sérfræðinga en oft hefur minna orðið úr raunverulegum framkvæmdum. Þess vegna skiptir öllu máli að fyrirtækjum séu búin góð skilyrði til rekstrar, að allt ferli sé ljóst, að stjórnvöld hvetji ekki einungis í orði til orkunýtingar og að almenn efnahagsumgjörð sé eins og best gerist.

Samtök atvinnulífsins munu gjarnan skila umsögn um orkustefnu fyrir Ísland þegar tillögur stýrihópsins hafa verið mótaðar frekar. Æskilegt væri að fulltrúar atvinnulífsins hefðu tekið þátt í störfum stýrihópsins.

Virðingarfyllst,

---

Pétur Reimarsson forstöðumaður.